



Spáum 0,1% hækkun VNV í mars

Gangi spáin eftir lækkar ársverðbólgan í 2,0%

Hagstofa Íslands birtir marsmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) miðvikudaginn 26. mars. Hagfræðideild Landsbankans spáir því að vísitalan hækki um 0,1% milli mánaða. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan lækka um 0,1 prósentustig; úr 2,1% í 2,0%.

Helstu áhrifavaldar á verðlag í mars

Við teljum að eftirfarandi þættir hafi mest áhrif til lækkunar milli mánaða:

- Samkvæmt verðkönnun Hagfræðideildar hefur bensín lækkað um 2,3% milli mánaða. Vænt áhrif á vísitölu: -0,12%.
- Við teljum að flugfargjöld til útlanda hafi lækkað milli mánaða. Vænt áhrif á vísitölu: -0,09%.
- Gengi krónunnar á móti evru er nær óbreytt milli verðsöfnunarvikna, en krónan styrktist um 1,5% á móti Bandaríkjadal á þessum tíma. Við teljum að þetta muni skila sér að einhverju leyti inn í verð á mat og drykk. Vænt áhrif á vísitölu: -0,03%.


Eftirfarandi þættir munu hafa mest áhrif til hækkunar milli mánaða:

- Janúarútsölur í fötum og skóm ganga til baka í febrúar og mars. Vænt áhrif á vísitölu: +0,20%.
- Húsnæði (án reiknaðrar húsaleigu) heldur áfram að hækka milli mánaða. Vænt áhrif á vísitölu: +0,03%.
- Hækkun á fasteignaverði skilar sér inn í reiknaða húsaleigu. Vænt áhrif á vísitölu: +0,03%

Þróun næstu mánuði


Tólf mánaða verðbólgan skýrist nær eingöngu af tvennu; þjónustu og húsnæði, en þessir tveir undirliðir eru um 52% af vísitölu neysluverðs. Það

Niðurbrot á spá Hagfræðideildar




Heimild: Hagfræðideild Landsbankans

Mánaðarbreyting VNV



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Undirliðir verðbólgu




Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans



að verðbólgan skýrist fyrst og fremst af þessu tvennu má rekja til gengis krónunnar, en hún hefur styrkst um tæp 6% gagnvart evru síðan um miðjan nóvember. Gangi sú styrking að einhverju leyti til baka má búast við að framlag innfluttra vara til verðbólgunnar aukist.

Bráðabirgðaspá Hagfræðideildar gerir ráð fyrir að VNV hækki um 0,3% í apríl, 0,2% í maí og 0,2% í júní. Gangi spáin eftir mun ársverðbólgan vera 2,1% í júní.



Seinasta dags. 17 mars.
Heimild: Seðlabanki Íslands

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild @landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.